

## **Lesið og kennt veturinn 2023 – 2024 5 ára - 4 bekkir með 18 nemendum.**

Kennarar og leiðbeinendur voru Björg Vigfúsína Kjartansdóttir, Hanna Guðný Ottósdóttir í tvo mánuði, þá tók Móeiður Kristjánsdóttir við þeim bekk, Hafrún Erna Haraldsdóttir fram í miðjan janúar þá tók Ómar Farooq Ahmed við þeim bekk og Solveig Árný Róbertsdóttir.

Fyrstu dagana voru nemendum kenndar umgengisreglur um ritföng, fatahólf, leikföng og spil skólans. Í ágúst var byrjað á að teikna sjálfsmynd sem er geymd hjá kennaranum. Að vori var önnur sjálfsmynd teiknuð og þær myndir notaðar sem námsmat. Foreldrum og nemendum er bent á að skoða myndina saman til að sjá hvernig teikniþroskinn og sjálfsmyndin hefur breyst.

Við notuðum ávalt letrið Thoma og helst í stærð 20 vegna nemandanna sem þurfti að hafa það til að geta séð.

### **Íslenska**

Bókstafirnir og hljóð þeirra eru kenndir, einn stafur á viku. Farið er vel yfir hvernig stafdrættir bókstafanna eru. Kennt er eftir stafaröð sem er uppsett í Vinnubókunum Listin að lesa og skrifa.

Fyrst er lesin, eða sögð saga um bókstafinn og teiknuð mynd um leið á töfluna eftir stafaspjaldi sem er tengd sögunni sem var lesin.

Fundin er rétt talstaða á tilheyrandi mynd. Þau segja síðan hljóðið með kennaranum.



Þá skrifar kennarinn bókstafinn á töfluna og byrjar uppi í skýjunum.

Nemendur ásamt kennaranum teikna síðan stafinn út í loftið.

Nemendur teikna síðan sitt stafaspjald (mynd). Á meðan gengur kennarinn á milli og heyrir hvort nemandinn geti sagt hljóðið rétt og aðstoðar við að finna út rétta talstöðu og hljóð ef nemandinn hefur ekki náð hljóðinu. Oft þarf litla leiðbeiningu til að leiða nemandann á réttan stað með hljóðið.

(Sumir kennarar notuðu handbrúðu til að hlusta á hljóðin hjá nemendum. T.d. er apinn Anna að læra sérhljóðana og músin Malla að læra samhljóðana.)

## Stafaspjald Hljóðstaða



## Saga

Í í  
Ína og Ísak voru í frii á Ítalíu.  
Þar var hlýtt svo þau fegnu sér ís.  
Ísinn var íííískaldur.  
Allt í einu brotnaði ísinn hans Ísaks.  
„Littu á!“ skrikkti í Ínu.  
„Ísinn þinn litur út eins og stafurinn Í-í“.

## Ritun



## Skrifa stafinn



Ó ó  
Óli og Ólöf voru að hjóla í skólann,  
sólín skein. Þau hjóluðu á ó-ó-ó-ó-  
ógnarhraða en Ólöf var svo óheppin  
að hún datt óvart. Þá heyrðist ó-ó-ó  
í Ólöfu.

Aa Bb Cc Dd Ee  
Ff Gg Hh Ii Jj Kk Ll  
Mm Nn Oo Pp Qq Rr Ss  
Tt Uu Vv Ww Xx Yy  
Zz Pp Aa Oo

Næsta dag kemur kennarinn með hluti sem eru t.d. í kassa eða poka og byrja á bókstafnum t.d. íkorni, ísbjörn, ísland.

Nemendur finna síðan orð með (upphafsstafnum) og kennarinn skrifar þau uppá töfluna. Mynd og orð eru síðan sett uppa vegg til að nemendur geti æft sig að lesa og skoða orðin.

Nú er komið að því að leira stafinn, rauðann eða grænan eftir því hvort stafurinn er samhljóði eða sérhljóði og farið er yfir af hverju stafurinn er sérhljóði eða samhljóði. Sérhljóði er stafur sem segir sig sjálfur og er rauður en samhljóði þarf aðra stafi til að hjálpa sér og er grænn.

Unnið er áfram með stafinn og orð með því að nemendur brjóti saman A5 blað til helminga og síðan aftur annan helminginn þannig að það verða tvær línur á neðri helming blaðsins þar skrifu nemendur stóra bókstafinn á aðra línuna og litla á neðstu línuna. Á stóra helminginn sem er hálf blaðið er teiknuð mynd og orðið sem skrifað. Eins er tekið A5 blað sem er brotið saman og búnar eru til 4 línur með brotinu. Á línurnar eru skrifuð orð sem byrja á bókstafnum og teiknuð mynd.

Að lokum eru unnar tvær opnur í bókinni Listin að lesa og skrifa. Við kynnum persónurnar Nóra og Sólu sem unnið er með útfrá í bókunum Listin að lesa og skrifa.

Flestar stafasögurnar voru uppfærðar og unnar af teymi vetrarins Hafrún Erna, Solveig Árný, Björg Vigfúsína, Móeiður og Ómar.

Sögurnar og hljóðstöðumyndir er að finna inná sameign undir Sarpur, íslenska, 5 ára. Eins má finna myndir og fleira efni inni á þessum vef.

<http://www.vigfusina.is/index/bokstafir5ara-2023-2024.htm>

Nemendur voru margir farnir að lesa létt orð. Því gerðum við lestrarbækur þar sem við byrjuðum á samlestri frá töflu og síðan las hver og einn nemandi fyrir kennarann. Eftir það fór lestrarbókin með nemandanum heim með þeim til að æfa sig þar fyrir þá sem það vildu. Eins prufuðum við að senda heim eyðublað fyrir sumarlestur til að festa lesturinn betur. Þ.e.s. fyrir þá sem farnir voru að lesa. Lestarbækurnar eru inni á sameign og á þessu vefsvæði.

<https://www.vigfusina.is/skoli/2023-%202024/lestur/lestrarbaekur2023-2024.htm>

## Stærðfræði

Við nýttum okkur myndbönd og námsgögn tengd tölukubbum í vetur. Nemendum voru kenndar tölurnar 0 – 20. Unnið var með samlagningu, frádrátt, stærra en, minna en, speglun, mynstur, einfalt sudoku og einföld súlurit. Við fórum töluvert lengra en við höfum gert áður. Það var mikill áhugi fyrir stærðfræðinni þar sem unnið var í litlum vinnubókum og farið í ýmsa leiki, bæði í hóp og einstaklingsvinnu. Gjarnan var farið í stöðvavinnu eða hringekju einu sinni til tvisvar í viku.

Vinnubækurnar sem við notuðum er að finna inná sameign í möppunni Sarpurinn, stærðfræði 5 ára, vinnubækur. Eins má finna þær á þessari slóð. <http://www.vigfusina.is/skoli/2023-%202024/forsida.html>

Við notuðum einnig forritið, vinnubók 1 og ljósritað verkefni frá Evolytes. Við byrjuðum á ljósrituðu hefti sem við skiptum upp í tvo hluta (ljósritað þannig). Í vinnubókinni fórum við að kafla 4 eða 5 eftir því hvert nemendur voru komnir. En enginn fór í kafla 6.



## Átthagafræði

Byrjað var að hausti að vinna í lífsleikni með líðan, skólaumhverfið og næsta nágrenni þess. Notað var námsefni um Mýslu Tíslu, farið var ört yfir verkefni til að byrja með þar sem Tísla lendir í svipuðum aðstæðum og nemendur t.d. að byrja í skóla, fara í frímínútur og finna salerni. Unnið var með haustið, tré skoðuð á mismunandi árstíma og laufblöð þurrkuð og búin til myndverk. Við veltum fyrir okkur haustinu, réttum, ám, gæsum og oddaflugi, berjum, rôtargrænmeti og sveppum. Glærुकyningar eru inni á sameign. (Sameign, sarpurinn, átthagafræði, 5 ára).

Farið var í fjöruferð í Hafnarfjörð í grýtta fjöru sem er rétt við Hrafnistu og síðan út á Álftanes í sandfjöru. Í þessari ferð sóttu nemendur sér steina sem við notuðum síðan til að búa til maríuhænur í jólagjöf. Einn steinn á mann sem var merktur viðkomandi nemanda og settur í fötu. Nemendur skreyttu síðan bréfpoka sem var utan um jólagjöfina, gerðu kort sem þau myndskreyttu og skrifuðu í kortið af bestu getu.

Við fórum yfir skynfærin heyrn, sjón, lykt, bragð og snerting. Glærुकyningar má finna á sameign tengd þessu efni. Gerðar voru myndir og tilraunir með hverri skynjun t.d að smakka súrt, sætt, salt og beiskt, finna lykt af kaffi, kakó, lavender, myntu o.fl. (Sameign, sarpurinn, átthagafraedi, 5 ára).



Í Vinaviku teiknuðu nemendur mynd af Mýslu Tíslu á A6 stærð af blaði sem síðan var límt á litað karton. Gerður var tíu-vina regnbogi sem var litaður og réttar tölur voru settar á réttan stað. Valin voru vinaorð og búið til hugarkort. Nemendur skrifuðu síðan eitt orð inn í hjarta með örmum og lituðu. Hjörtun voru tengd saman á örmum og hengd upp á vegg. Í frímínútum var unnið með klemmuvini þar sem tveir til fjórir nemendur fóru saman út að leika í fyrri frímínútum.



Fyrsta desember kynntum við okkur íslenska fánann.

Í janúar byrjuðum við að vinna með Þúsaldarljóðin. Við nýttum tvær vikur fyrir hvert ljóð og lag (eld, vatn, loft, jörð). Fyrst lærðum við um jörðina, hversu mikilvægt er að ganga um jörðina af virðingu og njóta þess sem hún hefur uppá að bjóða. Tilraunir sem við tengdum við jörðina var að rækta chia fræ. Við settum augu og dúskanef á lítil glær box. Næst settum við mold, þó nokkuð af chia fræjum og smá mold ofaná fræin. Boxin voru sett út í glugga en það var of kalt fyrir fræin og tók því smá tíma til að fara að vaxa en fljótlega þegar við tókum þau úr glugganum og vökvuðum þau daglega fóru þau að vaxa. Eins er gott að vökva þau vel í upphafi. Þegar það var kominn smá gróður þá sendum við plönturnar heim.

<https://getburgerfit.com/easy-chia-seed-pets-for-kids/>



Við settum líka fræ úr avókadó út í glugga og gerðum tilraun með að rækta þar plöntu. Það gekk hægt og varð ekkert úr því í neinni stofunni.

<https://www.littlepassports.com/blog/craft-diy/avocado-pit-experiment-grow-a-plant/>



Næst unnum við með vatn og gerðum tilraunir í seinni vikunni með að fljóta og sökkva. Einnig gerðum við tilraun með uppgufun þar sem við settum vatn í glæra krús, merktum hvar vatnið var og hvaða dag við settum það út í glugga. Við kíktum á krúsina reglulega og sáum muninn á hversu mikið hafði gufað upp af vatninu. Eins gerðum við tilraun með því að sjóða vatn og sjá hvernig það rann eins og rigning niður glæra glerkrús. Við prufuðum hvernig mandarína flýtur eða sekkur eftir því hvort hún er í berki eða búið að taka börkinn af.

Þegar við unnum með loftið þá gerðum við tilraun með að hreyfa hendurnar og finna loftið leika um þær, létum legókall svífa í fallhlíf úr plastpoka niður af stigaopi og lékum okkur með blöðrur. Eins prufuðum við að setja borðtennisbolta undir hárpurrku og sáum hvernig loftið lét hann svífa. Einnig hlupu nemendur með plastpoka og gripu með sér loft. Að lokum unnum við með eldinn þar sem við kveiktum á stjörnuljósi og settum ofan í mandarínu sem lýstist þá upp. Einnig gerðum við tilraun

með súrefni og eld. Fyrst settum við glas yfir logandi kerti og sáum hvað myndi gerast. Við tókum síðan 3 misstór glös og settum á sama tíma yfir logandi kerti. Nemendur giskuðu á hvaða kerti myndi slokkna fyrst og töldu svo tímann sem það tók.

Í mars var lokapunkturinn á vinnu nemenda með Þúsaldarljóðin. Haldið var bekkjakvöld og nemendur sungu og dönsuðu Þúsaldarljóðin. Allur árgangurinn var saman með sýninguna. Boðið var upp á frostpinna að sýningu lokinni.

Nemendur smökkuðu þorramat á bóndadaginn og fengu smá fróðleik um þorramatinn.

Níunda febrúar var haldin hundrað daga hátíð. Í hundrað daga vikunni gerðu nemendur kórónu merkta 100 dagahátíðinni og skreyttu hana. Þau tóku hana síðan með sér heim þann dag. Nemendur settu töluna 100 á litla stjörnu sem þau klipptu út og kennarar plöstuðu síðan og götuðu. Þetta spjald var notað til að setja á armband sem þau gerðu sér á hundraðasta daginn. Eins skrifuðu þau og teiknuðu á marglitan pappír úr hringjum hvaða 100 atriði við vorum búnir að læra í vetur. Úr hringjunum gerðum við orm. Kennarar voru síðan búnir að skreyta ganginn fyrir skóla byrjun með blöðrum og veifum.



Dagskráin var:

8:30 – 9:30

Eftir söngstund

100 fiskurinn settur upp og töluvert gert úr því

1. Útlínummyndir
2. Mála andlit – 3 - 4 tegundir af andlitsmálningu í boði -
3. Búa til armbönd með 100 á og perlur - (allavega perlur)
4. Snúðar í ávaxtatímanum.

10:20 – 11:10 Ball í salnum

1. ásadans
2. stoppdans
3. just dance

12:40 – Bío tvær myndir í boði og þau velja sér mynd.

Það sem þarf að kaupa eða finna til

1. Snúðar 40 stk. – panta hjá ömmubakstri – fá Helgu til að panta
2. Perlur, teygjur – var til undir væng Helgu.
3. Blöðrur – stór poki frá ABC

Á öskudag voru kennarar tölukubbarnir frá 0 – 10. Þetta vakti mikla lukku.


Dagskrá öskudags var að slá köttinn úr tunnunni og síðan sýning kl.

10:45 í boði foreldrafélagsins. Töframaður lék listir sínar.

Í apríl fjölluðum við um Hafið. Þar var tekið fyrir, bláskel, nákuðungur, marglytta, ýsa og þorskur. Ganginum var breytt í stórt haf og föntruðu nemendur allskonar tengt því. Gerð var Haf bók (A5) með myndum af ofantöldum hafverum. Glærukynningar má finna inná sameign.



Í maí gerðum við vorbók, þar sem tekin voru fyrir nokkur smádýr, blóm og fuglar. Búin var til harmonikku bók (A5) með humlu, könguló, ánamaðk, stökkönd, lóu, fífil og sóley. Með hverjum námsþætti var ákveðið að hafa verkefni til að þjálfna þau í að klippa. Þessi verkefni má finna inná sameign.



Útskriftar kórónurnar voru gular með humlum á enda búin að fjalla um humlur stuttu áður. Glærukynningar má finna inná sameign.



## Ferilmappa

Búin var til appelsínugul ferilmappa. Í hana voru sett verkefni vetrarins og foreldrum bent á að skoða með börnunum sínum hvernig myndirnar hafa þróast og breyst. Eins að skoða skriftina og verkefnin. Þetta er hluti af námsmati vetrarins. Sama á við um sjálfsmyndirnar sem teiknaðar voru að hausti og vori.

Forsíða á möppunni



baksíða



## Umsagnir

Umsagnir fyrir nemendur var gert sameiginlega og má finna þær inná sameign. Eins gerðum við forsíðu fyrir sjálfsmyndarbókina sem er einnig að finna á sameign.





## Vettvangsferðir

- Gönguferðir um nágrenið
- Skólahlaup ÍSÍ í kringum skólann
- Fjöruferð
- Ferð í Hörpuna á tónleika
- Kirkjuferð
- Heimsókn á elliheimilið sem er í sömu götu þar sungu nemendur jólalög fyrir heldriborgara.
- Bíóferð í Bíó Paradís
- Leikjadagur á Klambratúni
- Vorferð í Guðmundarlund í Kópavogi (Nú þarf að panta þar)